

Akureyrbær
Geislagötu 9
600 Akureyri



Reykjavík 29. apríl 2017
UST201703-074/K.S.J.
10.04.02

Efni: Akureyrbær. Tillaga að aðalskipulagi Akureyrar 2018 – 2030

Vísað er til erindis sviðsstjóra skipulagssviðs Akureyrar er barst 9. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagi Akureyrar 2018 - 2030

Valkostir um byggðaþróun

Umhverfisstofnun tekur undir valkostinn um þéttingu byggðar og nýtingu þeirra grunngerða sem fyrir eru. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að uppbygging á ÍB10 raski ekki Glerárgili sem er svæði á náttúruminjaskrá, frekar en orðið er.

Umhverfisskýsla

Umhverfisstofnun bendir á að þótt skólp verði grófhreinsað í hreinsistöð í Sandgerðisbót, þá verða gerlar ekki hreinsaðir úr skólpinu, þannig að ekki er hægt að fullyrða að draga muni úr magni saurkóligerla í Eyjafirði. Hægt er að fullyrða að með grófhreinsuninni mun rusl hverfa úr skólpinu sem er jákvætt, og að skólpið fari lengra út í fjörðinn. Saurgerlamengun mun áfram fara með skólpinu í sjóinn, en stofnunin tekur undir að það dregur úr magni gerla í nálægð við Akureyrbær.

Í greinargerð kemur fram að fráveitumál Grímseyjar þarfist úrbóta, en þar sé fráveituvatni dælt frá húsum í sjóinn. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að tímasetja markmið um úrbætur í fráveitumálum.

Umferðaröryggi

Í umfjöllun um umferðaröryggi er mikilvægt að mati stofnunarinnar að markmið um umferðaröryggi verði tímasett þ.e. framkvæmdir við þveranir á ljósum og gerð undirganga á leiðum skólabarna.

Landslag og ásýnd


Umhverfisstofnun tekur undir nauðsyn þess að við lagningu raflína (jarðstrengja) verði tryggt að ekki verði nein óþarfa röskun. Einnig tekur stofnunin undir það að gengið sé vel frá landinu og það grætt


upp. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fram komi í umhverfisskýrslu að staðargróður sé nýttur við uppgræðslu svo að upprædd svæði falli inn í umhverfið.

Loftgæði, mengun, heilsa

Í umhverfisskýrslu kemur fram að hvetja þurfi ökumenn til að nota vistvænt eldsneyti. Að mati Umhverfisstofnunar mætti koma fram hvernig áætlað er að hvetja ökumenn til að nota vistvænt eldsneyti og hvernig uppbygging innviða fyrir vistvæna bíla er áætluð. Einnig mættu koma fram töluleg markmið um fjölgun raf- og metanbíla.

Virðingarfullst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B. Guttormsdóttir
Teymisstjóri